SOLID CLOUDS HF. – Nasdaq Iceland samþykkir töku hlutabréfa úr viðskiptum

Vísað er til tilkynninga Solid Clouds hf. frá 16. og 26. nóvember 2026. Nasdaq Iceland hf. hefur í dag samþykkt beiðni félagsins um að hlutabréf þess (auðkenni SOLID, ISIN IS0000033173) verði tekin úr viðskiptum á Nasdaq First North Growth Market Iceland, sbr. tilkynningu Nasdaq Iceland sem birt var 27. nóvember 2026.

Síðasti viðskiptadagur með hlutabréf félagsins á First North verður föstudagurinn 22. janúar 2027. Fram að þeim degi geta hluthafar átt viðskipti með bréfin í gegnum sinn verðbréfamiðlara með sama hætti og áður.

Eftir afskráningu verða hlutabréf félagsins áfram rafrænt skráð í verðbréfamiðstöð og eignarhlutir hluthafa haldast óbreyttir. Viðskipti verða þó ekki lengur á skipulegum markaði og seljanleiki bréfanna getur minnkað. Félagið mun áfram halda aðalfund og birta ársreikning í samræmi við lög um hlutafélög. Upplýsingar til hluthafa verða birtar á vef félagsins, solidclouds.com.

Fjárfestatengsl:
Egill Örn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri
Netfang: egillsig@solidclouds.com

Viðhengi

SOLID CLOUDS HF. – Nasdaq Iceland samþykkir töku hlutabréfa úr viðskiptum